

Þriðji fundur starfsársins 2018-2019 haldinn í Brákarhlíð 30. Janúar.

Dagskráin hófst í Brákarhlíð þar sem við kynnumst við starfi iðjupjálfa við stofnunina,

Aldís Eiríksdóttir, iðjupjálfi í Brákarhlíð kynnti okkur nám og starf iðjupjálfa og hennar sýn og stofnunarinnar á verkefnið, iðjupjálfun aldraðra.

Verulega fróðleg kynning og gott að fá innsýn í það ágæta starf sem fram fer Brákarhlíð. Jónína færði Aldísi rós og bauð henni að snæða með hópnum. Að kynningu lokinni var farið á nýja hótelið í Borgarnesi, B59 þar sem snætt var og fundur haldinn.

Formaður setti fund, viðhafði nafnakall og bað um að hver og ein kynnti sig.

Að málsverði loknum hófust fundarstörf með því að Sigrún Jóhannesdóttir kveikti á kertum og lesnar voru fundargerðir fyrri funda. Ásta las fundargerð vorfundar 2018, Halldóra fundargerð fundarins sem haldinn var í Borgarnesi 10.10. 2018. og Dagný reifaði lauslega dagskrá fundarins í Reykholti 1. desember. Jónína hafði ritaði fundargerð þess fundar, vegna fjarveru Dagnýjar í desember og janúar, sem lesin verður á vofundi.

Ásta lagði til að fundarboð verði sett inn á FB - síðu deildarinnar. Með því mætti fækka tölvupóstum. Jónína nefndi að hugsanlega mætti fjölga fundum í þeim tilgangi að hver fundur tæki skemmri og unnt að ræða betur hin ýmsu mál og erindi sem berast m.a. frá stjórn samtakanna.

Nokkuð var rætt um vefsíðugerð og ýmis vandkvæði og spurningar þar að lútandi. Ýmsir möguleikar ræddir, kostir og gallar en engin niðurstaða um hvernig skuli staðið að málum en stefnt að því að ræða um þetta mál betur síðar.

Rætt var um Evrópuþingið sem haldið verður í Reykjavík 25.—27. júlí n.k.

Jónína hvatti konur til þátttöku og Ásta sagði frá störfum sínum í undirbúningsnefndinni. Ásta sagði frá hlutverki gestgjafa á þinginu og hvatti konur til að taka að sér það verkefni.

Að þeim umræðum loknum var rætt um bækurnar Ungfrú Ísland eftir Auði Övu Ólafsdóttur og Sextíu kíló af sólskinu eftir Hallgrím Helgason.

Soffía og Elsa höfðu framsögu. um Bók Auðar Övu. Þær voru báðar mjög ánægðar með höfundinn og tók hennar á efninu.

Þá ræddu Sigrún og Þrúður um bókina, Sextíu kíló af sólskinu eftir Hallgrím Helgason.

Báðar voru ánægðar með bókina, Sigrún þó heldur meira en Þrúður og gaf okkur innsýn í tök höfundar á viðfangsefninu með lestri á stuttum kafla úr bókinni.

Virkilega skemmtilegt að bæta þessun lið í dagskrá funda.

Þá var komið að happdrættinu og vinningur afhentur vinningshafa sem var Dagný.

Að því loknu kynnti Jónína nýjustu erindi frá landssamtökunum, sagði að það væri ánægjulegt að Delta konan, Jensína Valdimarsdóttir héldi áfram að sinna gjaldkerastörfum fyrir landssamtökin og bauð Valgerði Janusdóttur velkomna í deildina með rós, en hún flytur til okkar úr Lambdadeild í Reykjavík.

Að því loknu var fundi slitið og Guðlaugur Óskarsson tók myndir af þeim konum sem ekki voru á desember fundinum í Reykholti.

Góðum fundi lauk um kl. 23 og konur héldu sælar heim á leið.